

## **Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu**

Fyrsti fundur nefndar. Haldinn í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Skuggasundi 1, dags. 07.05.2018. Fundur hófst kl. 10:50.

**Fundinn sátu:** Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir, Óli Halldórsson, Steingrímur J. Sigfússon, Steinar Kaldal, Valtýr Valtýsson og Vilhjálmur Árnason.

**Forföll boðuðu:** Bergþór Ólason, Halldóra Mogensen, Hanna Katrín Friðriksson, Ólafur Ísleifsson.

**Fundagerð ritaði:** Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

### **Þetta gerðist:**

#### **1. Störf nefndarinnar**

Formaður nefndar, Óli Halldórsson, setti fund og sagði frá forföllum. Því næst var farið hringinn og nefndarmenn kynntu sig stuttlega.

Að því loknu fór formaður yfir hvernig hann sæi nefndarstarfið fyrir sér. Nefndi formaður að nýlega hefði lokið störfum nefnd hagsmunaaðila sem skilaði skýrslu til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Hlutverk þessarar þverpólitísku nefndar væri að ákveðnu marki framhald vinnu hagsmunanefndar en þó með þeim mikilvæga áherslumun að nefndin ætti að taka skrefið lengra og leggja fram tillögur um hvernig standa ætti að stofnun slíks þjóðgarðs.

Formaður nefndi einnig að nauðsynlegt væri að koma upp vinnusvæði fyrir nefndina. Nokkur forrit voru nefnd til sögunnar, Workspace, Dropbox, Trello, ofl. Formaður lagði til að verkefnisstjóri kannaði málið og kæmi með tillögu.

Formaður renndi næst yfir verkefni nefndarinnar. Þau eru eftirfarandi:

1. Skilgreining á mörkum þjóðgarðsins
2. Setja fram áherslur um skiptingu landssvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka
3. Fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði
4. Greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf svæðisins?
5. Tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun
6. Tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu
7. Tillögur að lagafrumvarpi um þjóðgarðinn sem tekur til stjórnskipulags
8. Áætlun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Lagði hann til að verkþættir 4 og 6 yrðu unnir fyrst, svo verkþáttur 1 og í framhaldi af því verkþættir 2,3,5,7 og 8.

Rætt var fyrirkomulag varðandi fundargerðir og samþykkt þeirra. Fram kom tillaga um að eftir að fundargerð hvers fundar hefði verið send í tölvupósti á nefndarmenn hefðu þeir þrjá virka daga til að gera athugasemdir. Að þeim tíma loknum væri litið svo á að fundargerð væri samþykkt af nefndinni ef ekki hefðu borist athugasemdir.

*Nefndarfólk var sammála kynntum tillögum og samþykkti þær.*

## 2. Samráð

Næst fór formaður yfir fyrirhugað samráð við hagsmunaaðila. Nefndarmenn voru sammála um að mikilvægt væri að haft yrði sem víðtækast samráð og það yrði opið og gagnsætt. Bent var á að áhyggjur sumra á landsbyggðinni væru ekki endilega hvort það komi þjóðgarður á miðhálandinu heldur frekar hvernig hann verður og hvernig rekstur slíks garðs yrði fjármagnaður. Því væri mikilvægt að hafa skýr svör við því. Einnig kom fram að mikilvægt væri að halda fundi vítt og breitt um landið, kynna verkefnið og hlusta á sjónarmið nærsamfélaga og að eiga umræðu á sveitastjórnarstigi.

Þá var nefnt að mikilvægt væri að ná sátt um niðurstöðu verkefnis út frá byggðapróun. Þar þyrfti að huga vel að umræðu í landshlutum, mögulegum greinaskrifum og kynningum. Þessir þættir væru mikilvægir svo að allir væru upplýstir um hvað verkefnið snerist. Einnig komu fram sjónarmið um að vinna nefndarinnar þyrfti að haldast í hendur við endurskoðun stofnanafyrirkomulags/stjórnsýslu náttúruverndarmála, enda líklegt að tilkoma miðhálandisþjóðgarðs myndi hafa áhrif á þjóðgarða sem fyrir eru og stjórnsýslu þeirra.

Verkefnisstjóri fór því næst yfir lista af samráðsaðilum og nefndi að hans skoðun væri sú að þeir yrðu sem flestir og að mikilvægt væri að þeir sem nýttu hálandið á einn eða annan hátt hefðu tækifæri til að koma sínum skoðunum að. Nefndarmenn voru sammála þessu. Kallaði hann eftir tillögum nefndarmanna um samráðsaðila. Verkefnisstjóri lagði til að auglýstur yrði opinn fundur í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar sem verkefnið yrði kynnt og samráð boðað. Lagði hann jafnframt til að afurðir nefndarvinnu yrðu settar í opna samráðsgátt þar sem hægt væri að gera athugasemdir innan ákveðinna tímamarka.

Nefndarfolk var þessu vinnulagi samþykkt og mun verkefnisstjóri kynna frekari hugmyndir um útfærslu á næsta fundi nefndar. Unnið verði út frá því að hópur samráðsaðila verði opinn enda óraunhæft að ná utan um tæmandi lista þeirra aðila sem haft gætu hagsmuni af verkefninu. Þá var líka rætt að hafa upplýsingar um nefnd, verkefni, fundargerðir o.fl. aðgengilegar almenningi og var verkefnisstjóra falið að skoða það.

## 3. Tímalína og fundartímar

Síðasta mál sem rætt var á fundinum sneri að tímalínu verkefnis og fundartímum nefndar. Verkefnisstjóri fór yfir tímalínuna (sjá á meðfylgjandi PPT skjali) og velti upp þeim möguleika að nýta ág-ókt í vettvangsferðir á miðhálandið. Komu fram þau sjónarmið að mikilvægara gæti verið að nýta vettvangsferðir í það að boða til funda á landsbyggðinni, bæði með almenningi og einnig með nýkjörnum sveitastjórnarfulltrúum.

Formaður ræddi hvort best væri að festa fundartíma fram í tímann út árið í ljósi þess að erfitt gæti verið að finna fundartíma sem hentaði öllum. Kom fram að erfitt gæti verið fyrir Alþingismenn að hittast á starfstíma þings og var lagt til að reynt yrði að festa fundartíma í kringum hádegisbil einu sinni í mánuði. Voru þriðjudagar nefndir sem hentugur kostur.

*Samþykkt að halda næsta fund í lok maí fljótlega eftir sveitastjórnakosningar en áður en síðustu starfsdagar þings hæfust. Þá leggi verkefnisstjóri fram tillögu að föstum fundartímum út árið út frá umræðunum á fundinum.*

Formaður sleit fundi með þeim orðum að sent yrði út fundarboð fljótlega.

Fleira gerðist ekki og lauk fundi kl 11:55.